



Dýrabær



Akranes
Kringlan
Krossmói
Spöngin
Smáralind
www.dyrabaer.is



Ódýri Ísinn



Grafarvogsblaðið

3. tbl. 35. árg. 2024 mars

Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi



Fjölmissstelpur fagna fyrsta Íslandsmeistaratitli Fjölnis í hópiþrótt frá 1988 eftir sigur á SA. GV-mynd Bjarni Helgason

Fyrstu meistarar í hópiþrótt

- sjá nánar á bls. 8

FASTEIGNA
MIÐLUN
GRAFARVOGS



FASTEIGNA-
SALAN
Í ÞÍNU HVERFI

Spöngin 11
112 Reykjavík
Sími 575 8585

www.fmg.is



Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs

Allar almennar
bílaviðgerðir

Gylfafiöt 24 - 30 • 112 Reykjavík
Sími 577 4477

www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili



SSANGYONG

CHEVROLET



Spönginni 13
112 Reykjavík

Fiskréttur dagsins 2.890 kr kg



PIPAR Bregðgott PIPAR Bregðgott PIPAR
EKTA STEINBITUR EKTA STEINBITUR EKTA

Lyf á lægra verði!



Einkarekið apótek

Leggjum áherslu á
mjög góða þjónustu

Gott vöruúrval

Hægt að panta lyf
á www.rimaapotek.is
og í síma 577-5300



RIMA
Apotek

Grafarvogsblaðið

Útgefandi: Skrautas ehf. Netfang: gv@skrautas.is

Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.

Netfang Grafarvogsblaðsins: gv@skrautas.is

Ritstjórn og auglýsingar: Símar 698-2844 og 699-1322.

Útlit og hönnun: Skrautas ehf.

Auglýsingar: 698-2844 - 699-1322 - gv@skrautas.is

Prentun: Landsprent ehf.

Ljósmyndari: Katrín J. Björgvinsdóttir og fleiri.

Dreifing: Póstdreifing.

Grafarvogsblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Grafarvogi.

Einnig í Bryggjuhverfi.

Forseta-offramboð

Það nálgast forsetakosningar á Íslandi. Guðni Th. Jóhannesson er á útleið og í sumarbyrjun munum við kjósa okkur nýjan forseta. Margir eru þeirrar skoðunar að sagnfræðingurinn hafi staðið sig vel í embætti en aðrir eru ekki sama sinnis eins og gengur.

Það virðist vera í tísku á Íslandi í dag að bjóða sig fram til að gegna þessu ædsta embætti þjóðarinnar. Og ekki nóg með það. Það er líka í tísku að segja við fjölmiðlafólk að margir hafi komið að máli við viðkomandi og heill skari af fólki liggur undir feldi í dag og íhugar framboð.

Ótrúlegasta fólk er dregið fram í sviðsljósið eða það ryðst fram í fjölmiðlum og á mannátöllum og tilkynnir framboð sitt.

Reglur varðandi forsetakosningar hér eru komnar á aldur og eru í raun alveg út í hött. Nægir hverjum þeim sem hefur hug á embættinu að afla sér undirskrifta 1500 stuðningsmanna og viðkomandi þarf að vera með hreint sakarvottorð. Hver getur ekki aflað sér 1500 undirskrifta? Þessi tala ætti frekar að vera 5000 eða jafnvel enn hærri.

Þessar fátallegu reglur gera það að verkum að ótrúlegasta fólk, sem oftast er betur hlaðið af athyglissýki en gæðum, ryðst fram á sjónarsviðið og telur sig eiga tilkall til embættis forseta lýðveldisins. Oftast er ekki hlær almenningur að þessum uppátækjum fólksins þó mörgum bregði ekki lengur þegar ný og ný nöfn heyrast nær daglega.

Ef svo fer fram sem horfir verða um 50 Íslendingar í framboði til embættis forseta Íslands. Þökk sé úreltum reglum sem gera það að verkum að nánast hver sem er, sem náð hefur 35 ára aldri, getur boðið sig fram.

Ég get ekki beðið eftir framboðsþáttunum á RÚV fyrir kosningarnar. Þar verður um framhaldsþætti að ræða sem standa muni yfir í um það bil viku vegna fjölda frambjóðenda en þó má ætla að Íslendingar muni ekki nenna að horfa á þessi ósköp.

Nú hafa skoðanakannanir litið dagsins ljós. Fjöl margir frambjóðendur, ásamt mörgum þeim sem eru að íhuga framboð, eru þar með nánast ekkert fylgi. En engum dettur í hug að hætta við. Áfram skal haldið á meðan einhver möguleiki er á því að fanga dagsljósið og athyglina. Og einn frambjóðenda ætlar að bjóða sig fram í fjórða eða fimmta skipti eða guð má vita hvað. Hann er jafnan með um 2-3% fylgi í könnunum og fylgi og skilur ekki hvað þær tölur þýða.

Ég hef fengið fjölda áskorana um að gefa kost á mér og margir hafa hvatt mig til dáða. Hef legið dögum saman undir feldi en niðurstaðan er neikvæð.

Stefán Kristjánsson

gv@skrautas.is

Grafarvogur rötgróíð barnvænt miðaldra hverfi!

- Fanný Gunnarsdóttir, formaður Íbúaráðs Grafarvogs, skrifar

Grafarvogur er dæmi um fyrirmyndar skipulag og uppbyggingu sem heldur vel utan um íbúa sína. Þessi fullyrðing kom fram í máli Kolbeins H. Stefánssonar dósents við HÍ en hann kom á síðasta fund íbúaráðs. Kolbeinn vann rannsókn um félagslegan margbreytileika í Reykjavík en rannsóknina vann hann í samstarfi við borgina.

Íbúaráð vildi fyrst og fremst skoða stöðu Grafarvogs í heild miðað við önnur hverfi í Reykjavík og síðan sjá niðurstöður einstakra skólahverfa í Grafarvogi. Það sem einkennir Grafarvog er blönduð byggð – einbýli, rað- og parhús og ýmsar gerðir fjölbýlishúsa. Að mati íbúa er hverfið barnvænt, hér er að mestu lágreist byggð þar sem rúmt er um fólk, stutt í fjölbreytta möguleika til útivistar og tækifæri til að njóta óspilltrar náttúru. Hverfið er barnvænt. Við skoðum sérstaklega ákveðnar breytur og horft var á árin 2000 og 2020. Um aldamótin var Grafarvogur frekar ungt hverfi en meðalaldrur íbúa hefur hækkað og nú búa hlutfallslega hér í ákv. hverfum fleiri á eftirlaunum en að meðaltali í Reykjavík allri.

Þessi staða hefur m.a. áhrif á þjónustupörf því eldra fólk hefur oftast ekki aðrar þarfir en t.d. yngri barnafjölskyldur. Þessi niðurstaða sýnir okkur að fólk er ekki að flytja í burtu úr hverfinu þó svo að aldurinn færast yfir, fólk getur fært sig á milli húsa eða íbúða en heldur sig í Grafarvogi. Bent var á að hér er ekki mikið um mjög stór sérþýli þannig að fólk býr í sínum húsum þó svo að það komist á eftirlaunaldur. Það má segja að í Grafarvog vænti aðeins rúmgóðar íbúðir í fjölbýli sem mæta þörfum þess fólks sem árum og áratugum saman hefur búið í aðgengilegum sérþýlum en gæti hugsað sér að skapa sér nýtt heimili í fjölbýli.

En aldursmörk Grafarvogs á auðvitað eftir að breytast og eftir 10 – 15 ár verður hún væntanlega gjörbreytt, meðalaldrur lækkað með yngri barnafjölskyldum, skólabörnum fjölgar og reikna má með því að þá lækki líka tímabundið meðaltekjur íbúa. Kolbeinn skoðaði sérstaklega viðkvæma hópa og þá kom fram að þeir íbúar í Grafarvogi sem eru örorkulífeyrisþegar standa mun betur fjárhagslega en almennt gerist. Innflytjendum hefur fjölgað í Grafarvogi mun minna en í Reykjavík í heild, það voru mjög fáir hér árið 2000 en þeim hefur eðlilega fjölgað. En það sem einkennir þá innflytjendur sem búa hér í Grafarvogi er að þeir standa nokkuð vel fjárhagslega og hafa búið lengi á Íslandi. Í Grafarvogi er sama hlutfall einstæðra forel-

dra og í örum hverfum borgarinnar. Aldamótaárið var Grafarvogur í miðjunni þegar horft var til tekjudreifingar í Reykjavík en hefur hækkað síðan. Það telur Kolbeinn markast fyrst og fremst af því að með auknum aldri hækka tekjur fólks almennt. Fjöldi þeirra sem hafa tekjur að lágtekjumörkum hefur fækkað, þ.e. fjárhagsleg staða íbúa í Grafarvogi hefur batnað og það fylgir oftast hærri meðalaldrur íbúa. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að Grafarvogur er einsleitt rötgróíð miðaldra hverfi. Hér býr millistétt og efri millistétt og á

verkefninu Hverfið mitt. Alls voru valin sex verkefni sem munu koma til framkvæmda í ár og á næsta ári þ.e. útbúinn gróðurlundur í Geldinganesi, áningarstöðum fjölgað í hverfinu, infraraud sauna sett upp í Grafarvogslaug, aðstöðu fyrir stjórnuhlíf komið upp við Húsahverfi, endurbætur gerðar á Hallsteinsgarði og útiæfingateki endurnýjuð og þeim fjölgað í kringum Grafarvog. Hönnun á fjórum verkefnum er langt komin og verða þau sett í útboð síðar í mars. Það verður komið upp fjórum borðbökkjum á völdum stöðum í hverfinu, útbúin gróðurreitir í Geldinganesi á svæði sem tekur við rétt eftir að komið er yfir eyðið, lagfæringar gerðar á hellulögn og fl. við Hallsgarð og útiæfingateki verða sett upp við vögn og lúnum trétækjum skipt út.

Nú stýttist í að birtar verða auglýsingar um umsóknir í Hverfasjóð Reykjavíkurborgar, en opið verður fyrir umsóknir frá 15. mars til 15. apríl. Við hvetjum alla sem hug hafa á að sækja um að nálgast upplýsingar á <https://reykjavik.is/hverfissjodur-reykjavikur>.

Að lokum er rétt að áréttast að það er starfandi vinnuhópur á vegum íbúaráðs sem hefur það markmið að leggja mat á umferðaröryggismál í Grafarvogi og horfa til gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda. Starfshópurinn óskar eftir ábendingum frá íbúum og endilega sendið inn ábendingar inn á ábendingavef borgarinnar en allar innsendar ábendingar og hugmyndir berast starfshópnum – sjá: <https://reykjavik.is/abendingar>.



Fanný Gunnarsdóttir formaður Íbúaráðs Grafarvogs.

þeim tuttugu árum frá 2000 til 2020 hefur dregið úr þeim mun sem var á milli hverfa hér í Grafarvogi.

Í haust kusum við í Grafarvogi á milli margra áhugaverðra hugmynda í



Hluti Grafarvogs séður úr háloftum.

TJÓNAVIÐGERÐIR

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttunga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

Hafðu samband núna

Dragháls 6-8
 567-0690
 tjon@tjon.is
www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarféлага.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir
byrjendur og lengri komna á
öllum aldri.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600



Þjálfun í vatni



Klúbburinn



60+
Grunnnámskeið



60+
Framhaldsnámskeið





Bikarmeistarar 2024

Glæsilegir bikarmeistarar Fjölnis 2023-2024.

Fjölnir er bikarmeistari ÍSS í listskautum 2023 - 2024

Vormót ÍSS fór fram í Skautahöllinni á Akureyri 1.-3. mars. Mótið var síðasta mót tímabilsins og voru Bikarmeistarar krýndir í lok móts eins og vant er orðið.

Félög safna stigum á mótum ÍSS

yfir keppnisveturinn og tekur efsti keppandi frá hverju félagi stig fyrir félag sitt sem eru svo lögð saman eftir veturinn.

Það félag sem stendur uppi með flest stig er bikarmeistari.

Pegar búið var að skoða úrslit mótsins var ljóst að listskautadeild Fjölnis stóð uppi sem sigurvegari Bikarmótaraðar 2024 með 116 stig. Þetta er í annað sinn sem Fjölnir fær bikarinn!



Frábær gjöf fyrir veiðimenn og konur

Gröfum nöfn veiðimanna á boxin
Uppl. á www.Krafla.is (698-2844)

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360



Rima Apótek óskar að ráða starfsmann í afgreiðslu í 80-100% starf

Um framtíðarstarf er að ræða. Rima Apótek er einkarekið apótek í hjarta Grafarvogs.

Hjá okkur starfar frábær hópur sérfræðinga með mikla starfsreynslu.

Við leitum að jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund.

Starfið felst í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

Áhugasamir hafi samband við Jónu Björk lyfsöluleyfshafa í síma 577 5300/ 897 0685

eða í tölvupósti á skrifstofa@rimaapotek.is

Lyfjapantanir á netinu á www.rimaapotek.is og í síma 577-5300





OPID HÚSÍ

BORGARHOLTSSKÓLA

MIÐVIKUDAGINN 10. APRÍL
FRÁ 16.30 TIL 18.00
ÖLL VELKOMIN



Rauðsprettu með chilipestói, salatost, graskersfræjum og sítrónuberki

- frábær réttur sem vert er að prófa

Það er svo gaman að prófa allskonar fiskrétti og ég elska að prófa mismunandi fisk. Hérna prófaði ég Rauðsprettu en hún er alveg einstaklega góð og ég notaði ofan á flakið vel kryddað pestó með graskersfræjum sem gerði pestóið með meira "kröns"

1 vænt Rauðsprettu flak (eða annar hvítur góður fiskur frá Hafinu).
3 msk. gott rautt pestó.
4 msk. laktósafrír salat ostur frá Arna.
2 msk. graskersfræ.
1 hvítlausrif.



- Gæðin skipta máli -



Rauðsprettan er með því besta sem hægt er að hugsa sér þegar fiskur er annars vegar.

1/3 rauður chili smátt skorinn.
Börkur af 1 sítrónu.
Salt og pipar.

Hitið ofninn á 190 gráður.
Öllu nema fiskinum blandað saman í skál svo úr verður dásamdar pestó.

Setjið fiskinn í eldfast mót og dreifið svo dásamdar maukinu á fiskinn og setjið inn í ofn í um það bil 18 mínútur.

Dásamlegur fiskur sem er gott að bera fram með góðu salati, ferskri

sítrónu og góðri ólífuolíu.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)
jana.is - www.instagram.com/janast

Gerðu góð kaup!

50% afsláttur af Seleste umgjörðum í Prooptik Spönginni.

Komdu í sjónmælingu!

Þjóðum núna upp á sjónmælingar alla þriðjudaga og fimmtudaga í Prooptik Spönginni.

50%

afsláttur af Seleste umgjörðum!

prooptik
gleraugu

• SPÖNGIN
prooptik.is / 570 0900



BÍLSKÚRS DAGAR



20% AF

Lavor Predator 180
Digital háprýstidæla
Mótor 2500W
Prýstingur: 180 bör
Vansflæði: 510 l/ks

38.796
Áður 48.495 kr.



20% AF

Bílskúrsryksuga
blaut/ryksuga
Lavor JOKER 1400 S
Orka: 1400W
Stærð tanks: 20l
Hámarks loftflæði: 40 l/sek.

14.396
Áður 17.995 kr.



20% AF

Bílskúrsryksuga
blaut/ryksuga
Black&Decker

13.332
Áður 16.665 kr.

Mótor: 1200W
Sogkraftur: 17 kPa
Stærð tanks: 15L



20% AF

Lavor HPC Fast 120 háprýstidæla
Mótor: 1700W
Prýstingur Max: 120 bör
Vatnsflæði Max: 330l/ks

13.572
Áður 16.965 kr.



Hillurekki
76 x 30,5 x 152cm
8.734
Áður 11.645 kr.



25% AF



25% AF

Rafhlöðuborvél
PSCS 11-20V
Getur notað allt að
13mm breiða bora - 35Nm

11.456
Áður kr. 14.320



RAFHLAÐA FYLGIR

20% AF



20% AF

Rafhlöðu slípirokkur PAGS 20-115
20V - 115mm skífa - 10.000 rpm

19.196
Áður kr. 23.995



20% AF

Bíla & gluggapvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun

2.099
Áður kr. 2.999

Rafhlöðu Bónvél PPOS
10-20V 245mm diskur

12.209
Áður 16.279

Strákústur m/stálfestingu
30cm breiður

1.119
Áður kr. 1.399

20% AF



Reidhjólápumpa
Áður 2.075

20% AF



20% AF

Kapalkefli 4x16A 15
metra snúra

4.716
Áður 5.895 kr.

25% AF



Bílskúrsflísar
Antrasite
33,3x33,3cm
2.249 pr.m²
Áður 2.999



25% AF

Trappa með
vinnuborði - 5. Prep
9.401
Áður 12.535

30% AF



Einfaldur stigi
8 þrep
7.996
Áður 9.995



25% AF

20m Meister garðslanga
með tengjum
2.696
Áður kr. 3.595

Prýstibrúsi m/slongu 8L
4.857
Áður kr. 6.939

Hankar og
festingar
í miklu
úrvali



Skolvaskur
vegghengdur
1mm 55x45x21cm
16.489
Áður 21.985

20% AF



Volga veggengt
blöndunartæki
5.588
Áður kr. 6.985

Vatnsþétt LED útiljós /
bílskúrsljós
IP65 48W 120cm
5.276 Áður 6.595

20% AF

Vatnsþétt LED
útiljós / bílskúrsljós
IP65 24W 60cm
3.196
Áður 3.995

20% AF



30% AF

Gólfmálning - 3 lítrar
5.996
Áður kr. 7.995

Epoxy gólfلاك, EP-V
Milligrátt 1kg
4.499
Áður kr. 5.999
4 kg **11.249** - áður 14.999

25% AF



20% AF

Ruslapokar glærir 100 L - 25stk
1.436
Áður 1.795

25% AF



25% AF



Með fyrirvara um prentvillur

SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



Stelpurnar í Fjölni kátar og hressar með Íslandsmeistaratitlinum í íshokki. Þetta er tímamótatitill og sá fyrsti sem Fjölnir vinnur í hópíþrótt frá stofnun félagsins.

Ljósmyndir Bjarni Helgason

Fyrstu meistarar Fjölnis í hópíþrótt frá upphafi

- Fjölnir er Íslandsmeistari í íshokki kvenna 2024

Fjölnir er Íslandsmeistari í Hertz-deild kvenna í íshokki eftir 1-0 sigur á SA (Skautafélagi Akureyrar) í fjórða leik liðanna í Egilshöll, laugardaginn 2. mars. Til hamingju Fjölniskonur.

Eina mark leiksins skoraði Sigrún Árnadóttir á fjórðu mínútu. Þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill Fjölnis í hópíþrótt frá stofnun félagsins árið 1988.

Þetta var fyrsti titill Fjölnis en ann-ar titillinn sem fer í Grafarvoginn og fer upp í Egilshöll.

Fyrir 18 árum, árið 2006, varð kvennalið Bjarnarsins í Grafarvogi Íslandsmeistari.

SA-konur hafa haldið fast um bikarinn þessi 17 ár síðan þá og unnið alla 17 Íslandsmeistaratitlana sem í boði hafa verið síðan þá – þar til nú. San-

narlega einstök sigurganga sem kominn var tími til að rjúfa.

Úrslitakeppnin var afar spennandi og fyrir hana nær útilokað að segja til að hvernig færi að lokum.

Til að landa titlinum þurfti að sigr þrjá leiki og leit út á tímabili að það stefndi í oddaleik á milli liða Fjölnis og SA.

En Fjölniskonur mættu til leiks í Egilshöllinni til að sigr og skoraði Sigrún Árnadóttir eina mark leiksins á fjórðu mínútu eins og áður sagði og færði þannig Fjölni Íslandsmeistaratitlinn langþráða.

Átta leikmenn Fjölnis valdar í landsliðið

Jón Gíslason aðalþjálfari kvenlandslíðs Íslands hefur valið leikman-

na-hópinn sem leikur fyrir Íslands hönd í heimsmeistarakeppni IIHF í byrjun apríl. Leikið verður í Canillo í Andorra 7. til 13. apríl.

Átta frábærar Fjölniskonur eru í hópnum!

- Berglind Rós Leifsdóttir
- Elisa Dís Sigfinnsdóttir
- Elín Darkoh
- Eva Hlynsdóttir
- Kolbrún María Garðarsdóttir
- Laura-Ann Murphy
- Sigrún Agatha Árnadóttir
- Teresa Regína Snorradóttir

Við óskum þeim öllum til hamingju með valið og góðs gengis úti!



Kristín Ingadóttir fyrirliði og Helgi Páll Þórisson, formaður ÍHÍ.



Stelpurnar átta í Fjölni sem valdar voru í landsliðið.

Hefjum grunnskólagönguna fyrir

- eftir Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Fyrir réttum tveimur árum flutti ég tillögu í borgarstjórn, fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna, um að auka sveigjanleika milli skólastiga við upphaf og lok grunnskólans. Nemendur hefðu þá val um að hefja grunnskólanám fyrir og/eða ljúka því fyrir. Þeir gætu þá hafið nám í grunnskólum borgarinnar við fimm ára aldur og hafi auk þess val um að ljúka grunnskólanámi ári fyrir. Tillögu minni var vísað frá. Fyrir þessu fyrirkomulagi hef ég fært veigamikil rök sem rétt er að rifja upp og ítreka, nú þegar við sjálfstæðismenn leggjum fram á ný, samþærilega tillögu í borgarstjórn.

Nýtum tímann betur

Sífelld fleiri rannsóknir benda til þess að fjöldi fimm ára barna geti vel hafið nám í fyrsta bekk grunnskóla. Þá upplýsa rannsóknir að námsefni skarist umtalsvert milli leikskóla og grunnskóla og milli grunnskóla og framhaldsskóla. Slík skörun sóar umtalsverðum tíma hjá fjölda nemenda.

Grunnskólunum er ætlað að búa nemendur sem best undir framtíðina, hvort sem það er til náms eða starfa. Mikilvægur þáttur þeirrar viðleitni felst í því að nemendur nýti tíma sinn sem best og hafi ætíð verðug verkefni að kljást við. Það er engan veginn sjálfgefið að stöðugt lengri tími fyrir tiltekið námsefni bæti námsárangur. Í sumum tilfellum hefur of langur námstími og skortur á verðugum verkefnum haft þveröfug áhrif og kallað fram námsleiða og jafnvel brottfall úr námi síðar á námsferlinum.

Einstaklingsmiðað nám

Með sveigjanlegum skilum milli skólastiga er stigið mikilvægt skref að einstaklingsmiðuðu námi, sem tekur mið af ólíkum nemendum með mismunandi áhugamál og leitast við að fullnægja sem best þörfum þeirra allra á sviði náms og þroska.

Fjölbreyttara nám og meira val um skólagöngu myndi að öllum líkindum

glæða áhuga forráðamanna að skólastarfinu og stuðla að auknu samstarfi milli þeirra og skólanna. Breytingarnar fjölga jafnframt möguleikum skólanna til sjálfstæðis, sérstöðu og sveigjanleika, en slíkur fjölbreytileiki og samburður innan hans er ein megin forsenda fyrir framförum kerfisins í heild.

Styttum leikskólabiðlistann

Með breytingum af þessum toga þyrftu grunnskólar borgarinnar að bæta við sig einum árgangi næstu níu árin. En á tíunda árinu yrðu árgangarnir aftur tíu talsins. Hins vegar myndu fimm ára börn fara úr leikskólunum í grunnskóla. Sú ráðstöfun myndi stytta biðlistann inn á leikskólana til muna, en nú bíða um þúsund reykvisk börn eftir því að komst á leikskóla.

Að vísu bætist sá árgangur við grunnskólann sem losnar úr leikskólunum, En hér skiptir það megin máli að flestir grunnskólarnir hafa mun



Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

meira svigrúm til að sinna þessum eina árgangi, fremur en leikskólarnir. Í öllum grunnskólum eru t.d. starfandi frístun-

daheimili sem gætu nýst vel fimm ára börnum við endurskipulagningu skóladagsins. Þessi frístundaheimili sinna nemendum að loknum hefðbundnum skóladegi, en standa yfirleitt að fyrir hádegi.

Hundrað ára fyrirmynd

Vert er að geta þess að í mörgum þeim löndum sem við einkum lítum til í skólastarfi hefja börn grunnskólanám við fimm ára aldur. Auk þess hef ég áður bent á að Skóli Ísaks Jónssonar hefur sinnt markvissri kennslu fimm ára barna frá stofnun, 1926, eða í tæpa öld. Það hefur hann gert með góðum árangri. Sá sjálfstæði skóli fer í öllu að grunn- og leikskólalögum og hefur lengi verið íslensku skólakerfi frábær fyrirmynd. Okkur er því ekkert að vanbúnaði að auka val í skólagöngunni, stuðla að einstaklingsmiðaðra námi og leysa leikskólavandann.



Gleðilega páska

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Páskaegginn frá Nóa Sírius eru tilbúin. Það eru spennandi nýjungar í boði og egg sem hæfa öllum. Þau eru nefnilega allskonar, sæt stökk smá og stór en fyrst og fremst ómótstæðileg.

Skoðu úrvalið, veldu og njóttu!





Bikarinn í höfn og glæsilegur sigur Fjölnis í höfn.

Lífrænar mjólkurvörur



BIOBÚ

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

Sólarhringsþjónusta
S: 581 3300 eða utforin@utforin.is



Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

ALÚÐ

VIRÐING

TRAUST

REYNSLA



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna
Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn
Jóhannsson
Frákvændastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARDABÆ | HAFNARFIRÐI | LANDSBYGGÐINNI

Íslandsmót barnaskólasveita í skák:

Fjölnisfólkið kom sá og sigraði

Íslandsmót barnaskólasveita 1.-3. bekkjar fór fram laugardaginn 26. febrúar í Rimaskóla. Tefldar voru sjö umferðir eftir svissneska kerfinu. Umhugsunartími 5+2 á hvern keppenda. Alls tóku 110 krakkar þátt á mótinu, eða 26 skáksveitir.

Fjölnisfólkið okkar í Rimaskóla kom, sá og sigraði – en Fjölnir sendi fjórar sveitir til keppni.

A sveit Rimaskóla landaði Íslandsmeistaratitlinum í síðustu umferð mótsins.

B sveit var efst B sveita og í 4. sæti yfir höfuð.

D sveit var efst D sveita og í 6. sæti yfir höfuð.

C sveit lenti í 12. sæti.

Helmingur þessara afrekssveita eru nemendur í 1. bekk og er augljóst að skákæfingar Fjölnis eru aldeilis að skila sér.



Ánægðir og stoltir skákmenn með verðlaun sín.



Skákmenn framtíðarinnar.

VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILA ER
LEIKIN AF
120.000.000
MANNS Í YFIR
90 LÖNDUM.

KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

FERMINGAR

—2024—

ER FERMINGIN Í VÆNDUM?

PANTAÐU KRÆSINGAR SEM SLÁ Í GEGN
HJÁ ÖLLUM VEISLUGESTUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á
SÆLKERABÚÐIN.IS



LÁTTU OKKUR SJÁ UM AÐ TÖFRA FRAM DRAUMAVEISLUNA

LUX VEITINGAR



SÆLKERA
— BÚÐIN —

KÍKTU Á KRÆSINGAR
& PANTAÐU Á
SÆLKERABÚÐIN.IS

Stíflupjónusta Röramyndir Dælubíll



**VALUR
HELGASON**

stifla.is | 896 1100

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is



Sveinir Einarsson
Utfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Utfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna
Friksdóttir
Umgöngu stúla



Guðmundur Ó. Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umgöngu stúla
S: 862 0537

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



HeilsuKlasinn



Fiskréttur dagsins
2.890 kr kg



Fréttir

GV

Byggjum borgina við Sundin

- eftir Björn Gíslason, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Nú gera Reykjaneseldar vart við sig á nýjan leik eins og viðbúið var, en jarðvísindamenn telja að gera megi ráð fyrir að eldsumbrotin á Reykjanesi muni jafnvel verða varanleg næstu áratugin. Í ljósi þessa neyðast borgaryfirvöld til að horfa á skipulagsmálin í Reykjavík með öðrum hætti en áður og skipuleggja borgina út frá því sem jarðvísindin gefa til kynna. Þar er svo til eina leiðin að byggja borgina upp til framtíðar við Sundin.

Því til stuðnings verður ekki unnt að færa Reykjavíkflugvöll næstu áratugi vegna eldsumbrota á Reykjanesi. Þá skapa eldsumbrotin einnig mikinn þrýsting á hraðari uppbyggingu og aukid framboð lóða í Reykjavík, höfuðborg allra landsmanna.

Tækifærin eru víða

Meðal áskorana er endurskoðun á aðal-skipulagi Reykjavíkurborgar - enda umfangsmikil íbúðaruppbygging fyrirhuguð í kringum flugvöllinn. En segja má að núverandi aðalskipulag sé meingallað í ljósi þessara tíðinda, enda hverfist það um þá staðreynd að flugvöllurinn sé þar víkjandi. Með öðrum orðum kalla þessi fyrirséðu tíðindi á að byggt verði annars staðar í borginni en tækifærin eru víða austan Elliðaáa; í Grafarvogi, Úlfarsárdal,



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Gufunesi, Geldinganesi, á Keldum, Keldnaholti og Kjalarnesi.

Þannig er nóg um byggingarland í höfuðborginni, þá sérstaklega við Sundin, Gufunesi, Geldinganesi og Kjalarnesi, en húsnæðismálin á höfuðborgarsvæðinu eru í algjörum lamasessi sem stendur. Stefna meirihlutans í húsnæðismálum, sérstaklega með hliðsjón af breyttum veruleika,

hefur beðið skiprot, enda er hún dýru verðu keypt og afleiðingin hækkun húsnæðisverðs, sem bitnar á íbúum höfuðborgarinnar og raunar landsmönnum öllum í formi verðbólgu.

Greiðar samgöngur í hávegum

Nýafstaðið Reykjavíkurborg Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, tók með afdráttarlausum hætti á þessum málum í þessum mánuði - en við í Sjálfstæðisflokki teljum nauðsynlegt að leggja áherslu á ný byggingarsvæði, sérstaklega með m.t.t. eldsumbrota. Nauðsynlegt er að horft verði samhliða til greiðra samgangna um borgina og þær hafðar í hávegum. Í þessu samhengi eru Sundagöng eða Sundabraut algjört forgangsmál - en þau eru ekki síður almannavarnarmál komi til þess að rýma þurfi borgina.

Við í Sjálfstæðisflokki munum áfram þrýsta á og kalla eftir því að aðal-skipulag Reykjavíkurborgar verði tekið upp í ljósi þeirrar nýju stöðu sem uppi er - enda verðum við að horfa til norðausturs og byggja borgina upp við Sundin.

Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Markþjálfun í grunnskólum

- Hvað er markþjálfun?

- eftir Pálinu Þorsteinsdóttur grunnskólakennara

Markþjálfun er tegund viðtalsforms þar sem markþeginn (sá sem kemur í viðtalið) kemur með viðfangsefni eða hugsanir til markþjálfans um eitthvað sem hann langar að framkvæma eða breyta í lífi sínu. Markþjálfinn spyr markþegann spurninga þar sem markþeginn setur sér markmið. Spurningarnar leiða svo markþegann í það að finna sjálfur aðferðir sem hann telur líklegar til árangurs svo hann nái markmiðum sínum. Þetta hefur einmitt reynst svo vel þar sem markþeginn er þarna orðinn ábyrgur fyrir markmiðsetningu sinni og einnig það að það er hann sjálfur sem er að finna leiðirnar að markmiðinu, ekki einhver annar.

Við í Borgaskóla höfðum heyrt af því að einhverjir skólar höfðu prófað að bjóða nemendum í 10. bekk markþjálfun með góðum árangri. Þar sem við erum grunnskóli frá 1.-7. bekk þá fannst okkur áhugavert að prófa að bjóða 7. bekk markþjálfun og sjá hvort þau væru móttækileg fyrir þessari aðferð, ekki spillti það fyrir að markþjálfunaraðferðin rímar vel við námsmenningu skólans sem einkennt af leiðsagnarnámi. Markmið leiðsagnarnáms er m.a. að valdefla nemendur þannig að þeir séu virkir þátttakendur í náminu og taki ábyrgð á því með stuðningi frá kennara í formi markvissrar endurgjafar.

Pálinu Þorsteinsdóttur, markþjálfari, kennari við Borgaskóla og jafnframt höfundur þessarar greinar hafði sam-

band við skóla sem höfðu prófað markþjálfun með nemendum. Út frá því og markþjálfunarmyndun-dafraðinni þá var hannaður rammi til að vinna með í markþjálfuninni. Hugmyndin var kynnt fyrir foreldrum/aðstandendum og nemendum fengu einnig kynningu. Okkur fannst mikilvægt að nemendur áttuðu sig á því að markmiðsetningin ætti að lúta að námi þeirra við skólann, að þau



Pálinu Þorsteinsdóttur grunnskólakennari.

settu sér markmið tengt námsárangri eða að verða betri námsmaður. Við vildum hafa tómsundur utan við þetta en það er ansi margt sem nemandi getur valið sér að einblína á, eins og betri einkunnir, meiri leshraða, lesa

meira, klára vikuáætlun í skóla. Þetta eru bara fá dæmi um viðfangsefni tengt námi en ef ég tek dæmi um viðfangsefni tengt því að verða betri námsmaður þá gæti það verið sem dæmi: Tala minna í tímum, fara fyrir að sofa á kvöldin, muna að borða morgunmat, vera minna í símanum, borða hollara, muna að taka nesti, mæta á réttum tíma í skólann og svo mætti lengi telja.

Nú er Borgaskóli búinn að bjóða nemendum sínum í 7. bekk upp á markþjálfun í 3 ár. Auðvitað eru nemendur mismóttækilegir fyrir þessari aðferð en það er gaman að segja frá því að á hverju ári sjáum við mun frá fyrri viðtalslotu yfir í seinni viðtalslotu. Nemendur eflast og sjá að það að koma í viðtal og segja upphátt við aðra manneskju markmið sín og leiðir að markmiðum fær þau til að verða meðvitaðri og hugsa oftar um þau. Þau segja það flest, í endurgjöfni, að viðtalið hjálpaði þeim að muna eftir markmiðum sínum og hjálpaði þeim að láta verða af því að framkvæma áætlun sína. Flestir foreldrar höfðu einnig jákvæða upplifun af markþjálfuninni, sögðust finna mun á börnum sínum, að börnin þeirra hafi talað oftar um það sem þau settu sér sem markmið eða að þau lásu oftar heima og jafnvel að þau hafi orðið vör við smá keppnisskap hjá barni sínu með að ná markmiðum sínum.

Pálinu Þorsteinsdóttur

Grafarvogsblaðið

Ritstjórn/Auglýsingar - Sími 698-2844

Íslandsmót skákfélaga: Alveg einstakir yfirburðir Fjölnis

Íslandsmóti skákfélaga 2024 lauk með deildakeppni í Rimaskóla helgina 1. - 3. mars. Þetta var síðari hluti mótsins en sá fyrri fór fram fyrr í vetur.

Skákdeild Fjölnis var í öruggu 1. sæti í Úrvalsdeild eftir fyrri hlutann með fullt hús, þ.e. sigur í öllum viðureignum og gerði jafn vel nú um helgina, vann allar viðureignirnar 5 og Íslandsmeistaratitillinn þeirra með fádæma yfirburðum, 20 stig af 20 mögulegum.

Næstar á eftir voru skáksveitir Tauffélags Reykjavíkur og Víkinganna með 12 stig.

Þetta er í fyrsta sinn sem Skákdeild Fjölnis vinnur Íslandsmeistaratitilinn og þá einstaklega glæsilega.

Skákdeild Fjölnis var stofnuð árið 2004 og fagnar því 20 ára afmælinu með fyrsta Íslandsmeistaratitlinum. Skákdeildin var í upphafi stofnuð í kringum efnilega skákkrakka Rimaskóla. Nú 20 árum síðar eru þessir krakkar og aðrir sem komið hafa á eftir sem afreksmenn komnir í fullorðinna manna tölu, halda öll tryggð við uppeldisfélagið og árangurinn eftir því.

Á Íslandsmóti skákfélaga er teft í 5 deildum og svo ánægjulega vildi til nú að B sveit Fjölnis sigraði 3. deildina örugglega og vann sér sæti í deild fyrir ofan.

Í A sveit Fjölnis í Úrvalsdeild tefla 8 skákmenn í hverri viðureign og reyndist okkar sveit bæði mjög stíghá, bítta þétt og mikil stemningsveit.

Í þessari "ofursveit" eru þeir Dagur Ragnarsson skákmeistari Reykjavíkur og Oliver Aron margfaldir Norðurlandameistarar með skáksveitum Rimaskóla. Héðinn Steingrímsson stórmeistari og Sigurbjörn Björnsson alþjóðlegur meistari. Á fyrstu 3. borðum sveitarinnar eru síðan erlendir og komungir Litháar, landsliðsmenn Litháen í skák, sem allir gengu til liðs við Skákdeild Fjölnis árið 2021. Liðsstjóri sveitarinnar var sem fyrr Helgi Árnason formaður Skákdeildar Fjölnis.

Skákdeild Fjölnis fagnar eins og áður segir 20 ára afmæli. Allt byggist þetta á öflugu barna- og unglíngastarfi sem á afmælisári blómstrar sem aldrei fyrr.

Kjörorð Skákdeildarinnar hefur reynt vel - Skák er skemmtileg.



Skákdeild Fjölnis, Íslandsmeistarar tauffélaga 2024 í fyrsta sinn. GV myndir Baldvin Berndsen.



Fjölnismenn tóku KR-inga í bakarið í viðureign sem endaði 7,5 - 0,5.



Sigurvegarrar 3. deildar - B sveit Fjölnis.

Við stækkum fermingargjöfina

Fermingarbörn og jafnaldrar fá allt að **32.000 króna** mótframlag og glaðning ef þau spara hjá okkur.

Við erum betri saman



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

HeilsuKlasinn



Grafarvogsblaðið

Ritstjórn/Auglýsingar - Sími 698-2844

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?



EIGNAUMSJÓN

20 ára

tjjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Fréttir

GV

Vinir Grafarvogskirkju

- eftir sr. Guðrúnu Karls Helgudóttur, sóknarprest í Grafarvogssókn



sr. Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogssókn.

Í Grafarvogskirkju höfum við á undanföllum árum lagt áherslu á ólík þemu eða verið með ólík áhersluatriði fyrir hvern vetur. Í fyrra vetur var t.a.m. lögð áhersla á mannréttindi og árið þar á undan á helgihald og tónlist. Í ár er þemað "vinátta". Útfærslur þessara áherslna geta verið með ýmsum hætti. Við bjóðum upp á viðburði er tengjast efninu og auk þess að láta það koma fram með einhverjum hætti í sem flestu starfi safnaðarins, bæði helgihaldi og starfi með fólki á ólíku aldrurskeiði.

Hugmyndin með vináttuvetri er annars vegar að auka þáttöku í sjálfboðinni þjónustu við kirkjuna og fjölga þeim er láta sig kirkjuna varða og hins vegar að rjúfa einangrun og einmannaleika með því að bjóða upp á ýmsa hópa á vegum kirkjunnar sem geta stuðlað að frekari kynnum og vináttu fólks. Þá er ekki síður lögð áhersla á að koma saman í Guðs nafni og eiga gefandi stund með öðru fólki.

Vináttuveturinn hófst í október

með því að stofna "Vinahóp Grafarvogskirkju" og fólki var boðið að skrá sig í þann hóp á Facebook. Í nóvember var boðið upp á viðburðinn "Vinakvöld í Grafarvogskirkju". Viðburðurinn var ákaflega vel sóttur og boðið var upp á tónlist, uppistand, veitingar ásamt því að vináttubönd voru treyst og boðið upp á kynningu á ýmsum hópum sem í boði verða fyrir vini Grafarvogskirkju. Allir þátttakendur eignðust einn bænafélaga þetta kvöld.

Í febrúar byrjuðu fyrstu hóparnir að hittast en hugmyndin er að bjóða upp á viðburð á vegum hvers hóps u.þ.b. tvisvar á önn. Hóparnir sem boðið er upp á eru: Umræðuhópur, matarhópur, sönghópur, bænahópur, búbluhópur, bíóhópur og gönguhópur. Allt starfsfólk kirkjunnar kemur að þessu starfi með einhverjum hætti.

Í kirkjunni leggjum við áherslu á kærleikann en vináttan er ekki síður mikilvæg. Það er öllum manneskjum nauðsynlegt að eiga vini, fólk sem styður okkur, fólk

sem við getum speglað okkur í og treyst fyrir okkur sjálfum. Í gegnum Vini Grafarvogskirkju langar okkur að skapa styðjandi umhverfi fyrir vináttu og samfélag þar sem við kynnumst og eigum sagfélag við hvert annað og Guð.

Vinir Grafarvogskirkju er sístækkandi hópur og er öllum opinn. Við hlökkum til að eignast fleiri vini og eiga samfélag hvert með öðru.



Grafarvogskirkja.

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Hlusta verður á Grafarvogsbúa

- segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Meirihlutinn í borgarstjórn og umhverfisráðuneytið hafa ólíka skoðun á því hversu stórt svæði eigi að vernda með friðlýsingu Grafarvogs. Mikilvægt er að Grafarvogsbúar fái að kynna sér tillögu ráðherra um stækkun marka friðlýsingarsvæðisins og að leitað verði eftir skoðunum þeirra áður en mörkin verða formlega ákveðin, segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.

Frá árinu 2021 hefur verið unnið að tillögu um friðlýsingu Grafarvogs í samvinnu Reykjavíkurborgar og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Að sögn Kjartans er markmiðið að vernda mikilvægar fjöruvistgerðir og búsvæði fugla. Vogurinn sé vinsælt útivistarsvæði og fá svæði í borginni eins aðgengileg fyrir fuglaskoðun og aðra náttúruupplifun.

Mjög stórt skipulagsmál

„Friðlýsingin er afar stórt skipulagsmál sem varðar alla Grafarvogsbúa. Stærsta álitafnið er hversu stórt svæði skuli friðlýsa og um það hafa ráðuneytið og Reyk-

javíkurborg ekki verið sammála. Borgarstjórnarmeirihlutinn vill að friðlýsingin nái til mun minna svæðis en ráðherra leggur til,“ segir Kjartan.

Á síðasta ári lagði ráðuneytið til stækkun þess svæðis sem ætlunin er að friðlýsa. Í stað þess að mörk friðlýsingar fylgi fjörunni er lagt til að verndarmörkin nái upp að göngustíg, sem liggur kringum voginn og teygir sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg. Að austanverðu nái verndarsvæðið upp að Grafarlæk. Með stækkun svæðisins mun það ná yfir jökulmenjar og menningarminjar á svæðinu, sem eykur gildi þess í þágu fræðslu og útivistar.

Samráði hafnað

Erindi ráðuneytisins kom til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur í desember sl. Þar samþykktu fulltrúar Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata, Viðreisnar og VG að leggja gegn tillögu ráðuneytisins um stækkun friðlýsingarsvæðisins.

Minnt á kynningu á Keldnalandstillögum

Sýning á tillögum vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Keldnalandi hefur ekki enn verið haldin í Grafarvogi þrátt fyrir ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar þar um í október síðastliðnum. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað tillögu sína um að slík sýning verði haldin svo Grafarvogsbúar geti kynnt sér tillögurnar í sínu heimahverfi og tekið afstöðu til þeirra.

Í byrjun síðasta árs óskuðu Íbúaráð Grafarvogs og Íbúasamtök Grafarvogs eftir því að fá að tilnefna fulltrúa í dómnafnd skipulagssamkeppni um uppbyggingu í Keldnalandi en þeirri ósk var hafnað í borgarráði. Niðurstöður samkeppninnar voru síðan kynntar í september síðastliðnum en borgarstjóri var formaður dómnafndar.

Verðlaunatillögur úr samkeppninni voru til sýnis í örfáa daga í ráðhúsinu við Tjörnina. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi lagði til, fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, að sýningin yrði einnig sett upp í Grafarvogi, svo Grafarvogsbúar gætu kynnt sér tillöguna í sínu heimahverfi. Tillagan var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar 11. október. Íbúaráð Grafarvogs fagnaði tillögunni á fundi sínum 6. nóvember og hvatti til þess að sýningin yrði sett upp í Grafarvogslaug í Dalhúsum eða bókasafninu í Spönginni.

Sýningin hefur hins vegar ekki enn verið haldin þrátt fyrir að rúmir fimm mánuðir séu nú liðnir frá áðurnefndri samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins tóku málið upp á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 6. mars sl. Minntu þeir á sýninguna og óskuðu eftir upplýsingum um hvenær Grafarvogsbúar mættu eiga von á að hún yrði haldin.



Vinnukort vegna friðlýsingar Grafarvogs. Gula línan sýnir þau friðlýsingarmörk, sem meirihluti borgarstjórnar vill miða við. Rauða línan sýnir tillögu umhverfisráðherra um friðlýsingarmörk.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu hins vegar til að stækkunartillaga ráðuneytisins yrði kynnt fyrir íbúaráði Grafarvogs og Íbúasamtökum Grafarvogs og þeim gefinn kostur á að skila umsögn um hana áður en ráðið tæki formlega afstöðu til málsins. Þeirri tillögu var hins vegar vísað frá af fulltrúum meirihlutans.

Íbúaráðið vill skoða málið

Kjartan tók málið upp á fundi íbúaráðs Grafarvogs í febrúar og lagði til að það léti málið til sín taka. „Augljóst er að stærð friðlýsingarsvæðisins varðar mikil-

væga hagsmuni Grafarvogsbúa, sem þekkja vel kosti grænu svæðanna. Þar sem um mikilvægt skipulagsmál er að ræða, er eðlilegt að málaleitan ráðuneytisins verði kynnt fyrir Grafarvogsbúum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um það. Fyrsta skrefið er að kynna málið fyrir íbúaráðinu og íbúasamtökunum. Íbúaráðið hefur nú ákveðið að taka málið til umfjölunar á sínum vettvangi og verður það væntanlega gert á næsta fundi þess í apríl. Æskilegt er að sem flestir Grafarvogsbúar kynni sér málið og tjái sig um það,“ segir Kjartan.



Kjartan Magnússon er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA



MED TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR



Traust og fagleg þjónusta • NYTT: Vefverslun www.skorri.is




Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Menningar- og íþróttasvið



ÞÚ FINNUR AFGREIÐSLUTÍMANN
Á REYKJAVÍK.IS

Laugarnar í Reykjavík, Ylströndin, Borgarbókasafn, Skíðasvæðin, Borgarsögusafn, Fjölskyldugarðurinn, Listasafn Reykjavíkur.





Kastalinn 20 ára

Frístundaheimilið Kastali, sem er staðsett í Húsaskóla, hélt uppá 20 ára starfsafmæli 24. janúar 2024. Kastali var staðsettur í skúrum/hreyfanlegum kennslustofum á bílaplani Húsaskóla frá 2001.

Árið 2003 tók ÍTR við rekstri frístundaheimilisins og var haldin nafnasamkeppni meðal barnanna þar sem nafnið Kastali fékk flest atkvæði. Þá var Björg Blöndal forstöðumaður Kastala. Hún réð til sín Erlu Báru Ragnarsdóttur sama ár en hún tók síðar við af Björgu árið 2016 sem forstöðumaður Kastala og gegnir því starfi enn í dag. Haustið 2011 fékk Kastali aðgang að einu rými inni í Húsaskóla og var ákveðið að elstu börnin fengju að nýta það rými. Það var á efri hæð skólans og fékk nafnið Turninn. Öll starfsemi frístundaheimilisins flutti síðar inn í Húsaskóla og hefur verið á ýmsum stöðum. Sumarið 2023 flutti það enn og aftur innan skólans og er núna á tveimur stöðum; yngri börnin á neðri hæð hjá eldhúsi Kastala og eldri börnin á efri hæð ásamt skólahlómssveit Grafarvogs.

Starfið í Kastala hefur alltaf einkennst af miklu barnalýðræði og

góðum hefðum í gegnum árin. Börnin fá að hafa mikil áhrif á daglegt starf. Annan hvern mánuð er haldinn barnaráðsfundur og börn dregin af handahófi til að sitja barnaráð sem skipuleggur barnaráðsdag. Þar ákveða börnin hvað bjóða á uppá í síðdegishressingu, ávaxtastund og búa til dagskrá fyrir daginn hvað varðar smíðjur og viðfangsefni fyrir öll börnin í Kastala. Hinn mánuðinn á móti er afmælishátíð þar sem börn sem áttu afmæli seinustu tvo mánuði halda fund og skipuleggja afmælishátíð fyrir öll börnin í Kastala. Afmælisbörnin fá síðan afmælishálsmen þegar dagurinn rennur upp. Hugmyndakassi er inni hjá öllum árgöngum þar sem börn geta haft áhrif á starfið, efnivið, síðdegishressingu og annað sem þeim dettur í hug og daglega er starfsfólk að leitast við að leita leiða til að börnin njóti sín í frítíma sínum innan veggja frístundaheimilisins.

Mjög eftirsóknarvert er að vera í Kastala og er það helst af því elstu börnin eru í sérrými með sérdagskrá; fá fleiri vettvangsferðir, útskriftarkvöldstund í maí og setja upp leikrit sem sýnt er fyrir fjölskyldu og



Krakkarnir í frístundaheimilinu Kastala skemmtu sér vel í afmælisveislunni.

önnur börn í Kastala. Við erum einstaklega heppin með þessa sérstöðu og hefur það sýnt sig í því að flest börnin eru skráð í Kastala fram yfir 4. bekk, og mörg börn hafa spurt hvort þau megi vera áfram í Kastala þó þau séu komin í 5 bekk eða ofar.

Kastali bauð börnum, fjölskyldum og velunnurum á opið hús í afmælisveislu Kastala, miðvikudag-

inn 24. janúar 2024 og var mjög vel mætt. Eldri starfsmenn Kastala mættu til að sjá hvernig Kastali lítur út í dag. Kastali bauð uppá kökur, kleinuhringi, djús og ávexti og sýndi gömul myndbönd úr starfinu á skjá inn í hátíðarsal. Einnig var búið að hengja upp gamlar myndir og greinar úr Grafarvogsblaðinu með fréttum af Kastala sem gaman var að rifja upp.

Við viljum þakka öllum sem komu á opna húsið kærlega fyrir.

Leikskólinn Fífuborg fær sérstakar þakkir fyrir gjöfina sem starfsfólk leikskólans gaf Kastala sem og starfsfólk Húsaskóla fyrir frábæra samvinnu í gengum árin.

(Frétt frá Kastala)

♥ **sinnum**

ÞARFTU AÐSTOÐ HEIMA?


Sinnum aðstoðar við:

- Lyfjagjöf
- Böðun
- Útréttingar
- Þrif
- og fleira

Sinnum heimaþjónusta - Laugavegur 178 - Sími: 770-2221 - sinnum@sinnum.is



Veitingarnar voru glæsilegar í afmælinu hjá Kastala.



Kastali fékk margt fallett í afmælisgjöf á 20 ára afmælinu.

HÓP

EFFL



STARFSMANNA DJAMM

KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEÐUR
**HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM
OG SAMA STAÐNUM**

Hvar er betra að þjappa
hópnum saman en í góðu veðri
innandyra hjá okkur þar sem
allt er á einum stað.

HAPPY HOUR á barnum og
RÚTA Í BÆINN alla föstudaga
og laugardaga.

OPNUM FYRR Á FÖSTUDÖGUM

FÁÐU TILBOÐ FRÁ OKKUR FYRIR ÞINN HÓP Á
KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS


KÉILLA PÍLUKAST KARAOKE

GAESANIR / STEGGJANIR AFMÆLI

s. 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

keiluhollin.is



Endaíbúð með mjög miklu útsýni

- til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11

Fasteignamiðlun Grafarvogs kynir fjögurra herbergja endaíbúð á þriðju og efstu hæð að Flétturima 38 í Reykjavík eignin skiptist í forstofu, hol, stofu og borðstofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús á hæð og sér geymslu í sameign auk hjóla og vagnageymslu. Íbúðin er 110,4 fm og geymslan 5 fm. Mikil útsýni er úr íbúðinni. Fjórar tengingar fyrir bílarafmagn.

Nánari lýsing:

Gengið er inn í íbúðina af opnum svalagangi.

Forstofa er rúmgöð með góðum skápum og flísar á gólfi.

Hol er rúmgöð með parketi á gólfi.

Eldhús er rúmgöð með góðum viðarinnréttingum og borðkrók korkur á gólfi.

Stofa og borðstofa eru hjartar og rúmgöðar, gengt er úr stofu út á suðvestursvalir.

Herbergin er björt og rúmgöð með skápum og parket á gólfi.

Baðherbergi er flísalagt í hól og gólf, með innréttingu við vask og baðkar.

Þvottahús er innan íbúðar þar er tengt fyrir þvottavél og þurkara, flísar á gólfi í sameign er hjólageymsla og sér geymsla.

Húsið virðist vera í góðu viðhaldi og er allt hið snyrtilegasta.

Stutt er í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og í Spöngina þar sem er heilsugæsla, bókasafn, verslanir, veitingastaðir og fleira.

Góðir göngu- og hjólastígar liggja um og frá hverfinu til allra átta.

Hafið samband við Árna Þorsteinsson löggiltan fasteignasala á arni@fmg.is og í síma 898-3459, Sigrúnu Stellu Einarsdóttur löggiltan fasteignasala á stella@fmg.is og í síma 824-0610 eða Þyri Guðjónsdóttur löggiltan fasteignasala á thyri@fmg.is eða í síma 891 9867 til að bóka skoðun.



Baðherbergi er flísalagt í hól og gólf, með innréttingu við vask og baðkar.



Eldhús er rúmgöð með góðum viðarinnréttingum.



Útsýni úr íbúðinni er frábært.



Stofa og borðstofa eru hjartar og rúmgöðar, gengt er úr stofu út á suðvestursvalir.



Sigrún Stella Einarsdóttir Löggiltur fasteignasali, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



Árni Þorsteinsson rekstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggiltur fasteignasali og skipasali s. 786-1414



Ólafur Kristjánsson löggiltur fasteignasali og skipasali s. 898 3459



Þyri Guðjónsdóttir Löggiltur fasteignasali og viðskiptafræðingur Bs.c. Sími: 891-9867



Ingunn Þorsteinsdóttir. Nemi í löggildingu fasteignasala s. 612-0906

FASTEIGNA MIÐLUN

GRAFARVOGS



Spöngin 11 - 112 Reykjavík
Sími 575 8585. Opíð 10-17 mán.-föst

Vantar allar gerðir eigna á skrá



VEGHÚS - 6 HERB. - BÍLSKÚR

171,3 fm 6 herb. endaíbúð á 3. og 4. hæð auk bílskúrs. Virkilega falleg íbúð með góðum gólfefnum og innréttingum. Mikil útsýni og suðvestur svalir.

Fimm svefnherbergi.

Sími 575 8585



SMÍÐJUVELLIR - AKRANES

Alls 1724,1 fm. Þrjú fastanúmer í vönduðu stálgrindarhúsi. Í húsinu starfa í dag sjö fyrirtæki, eigandi eins eignarhluta rekur eigið fyrirtæki í sínum hluta en leigusamningar eru við önnur fyrirtæki í húsinu. Áhugaverður fjárfestingakostur, nánari upplýsingar gefur Árni í síma 898-3459



LÓMASALIR - 2. HERB-STÆÐI Í LOKADRI BÍLAGEYMSLU

Mjög góð 73,4 fm 2ja herb. íbúð ásamt 9,7 fm geymslu og stæði í lokaðri bílageymslu. Fallegt útsýni er úr íbúðinni. Mjög góðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar.



GVENDARGEISLI - 4. HERBERGJA - STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

Afar falleg og vel innrétuð 117,9 fm íbúð auk stæðis í lokuðu bílahúsi. Mikil útsýni og sér inngangur af opnum svalagangi. Stórar suðaustursvalir.




HEIMSENDI - KÓPAVOGUR

277 fm. 20 hesta hús. 10 stýjur fyrir 20 hesta, hlaða, forstofa, kaffistofa, setustofa og snyrting með wc og sturtuklefa. Gott gerði er við húsið og steypt stétt með handriði er meðfram húsinu.

FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI

www.fmg.is



Kirkjufréttir

Guðsþjónustur í kirkjunni

Alla sunnudaga eru guðsþjónustur í kirkjunni kl. 11:00. Guðsþjónustuhald þar er fjölbreytt og messuformið klassískt. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Vörðumessur í Kirkjuselinu í Spöng

Vörðumessur eru í Kirkjuselinu alla sunnudag kl. 13:00.

Í Vörðumessum deilum við sögum og hlöðum úr þeim vörður. Boðið er upp á kertaljósastund og heilaga máltíð. Vox Populi leiðir söng.

Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn er á neðri hæð kirkjunnar alla sunnudaga kl. 11:00. Brúðuleikhús, tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt. Umsjón hafa Hulda Berglind Tamara og Anna Bíbí. Meðleikari er Stefán Birkisson.

Helgistundir á þriðjudögum í Kirkjuselinu

Helgistundir eru alla þriðjudaga í Kirkjuselinu í Spöng kl. 10:30. Stundirnar eru opnar öllum.

Kyrrðarstundir

Kyrrðar- og fyrirbæstundir eru í Grafarvogskirkju alla þriðjudaga kl. 12:00. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð á afar vægu verði. Tekið er við fyrirbænaefnum í kirkjunni.

Feringar:

Feringar hefjast sunnudaginn 23. mars og verða sem hér segir:

- 23. mars kl. 11:00 og kl. 13:30
- 24. mars kl. 11:00 og kl. 13:30
- 28. mars kl. 11:00 og kl. 13:30
- 7. apríl kl. 11:00 og kl. 13:30
- 16. júní kl. 11:00

Páskadagskrá:

Mánudagurinn 25. mars

Páskabingó kl. 19:30 í kirkjunni

Skírdagur:

Kvöldmáltíð í kirkjunni kl. 20:00. Við deilum máltíð til minningar um síðustu kvöldmáltíð Krists. Í lok stundar verður allt borðið út af altarinu, ljósín slökkt og við göngum út í nóttina. Sr. Ama Ýr Sigurðardóttir þjónar.

Föstudagurinn langi:

Guðsþjónusta kl. 11:00. Sr. Sigurjón Ámi prédikar þjónar. Kirkjukórinn syngur.

Páskadagur:

Hátíðarguðsþjónusta í Grafarvogskirkju að morgni páskadags kl. 08:00. Sr. Sigurður Grétar Helgason þjónar. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Hátíðarguðsþjónusta á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 11:00 Sr. Sigurður Grétar Helgason þjónar.

Vörðumessa í Kirkjuselinu kl. 13:00. Sr. Guðrún Karls Helgudóttir þjónar. Vox Populi leiðir söng.

Barna- og unglíngastarfið

Mikið starf er í boði fyrir börn og unglíngi í Grafarvogssöfnuði.

Þar er æskulýðsstarf og starf fyrir börn á öllum aldri vikulega í allan vetur.

Nánari upplýsingar um starfið og dagskrár er að finna á heimasíðu kirkjunnar.

6-9 ára starf er á þriðjudögum kl. 17:00-18:00 í Grafarvogskirkju. 10-12 ára starf er á þriðjudögum kl. 18:15-19:15 í Grafarvogskirkju.

6-9 ára starf er á fimmtudögum kl. 17:00-18:00 í Kirkjuselinu. 10-12 ára starf er á fimmtudögum kl. 18:15-19:15 í Kirkjuselinu.

Æskulýðsfélagsstarfið er á þriðjudögum kl. 20:00-21:30 í Grafarvogskirkju. www.grafarvogskirkja.is

Félagsstarf fulloröðinna

Opið hús er í kirkjunni alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 fyrir eldri borgara og önnur sem hafa lausa stund á daginn. Stundin hefst á fræðslu, skemmtiefni eða samsöng í kirkjunni. Þá er boðið upp á handavinnu, spil og spjall. Síðan er kaffi og veitingar í boði á vægu verði. Farið verður í vorferð.

Djúpslökun

Djúpslökun er alla fimmtudaga kl. 17:00-18:00. Tímamir hefjast á léttum æfingum til að undurbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun. Tímamir henta bæði þeim sem eru byrjendur í jóga og lengra komnum. Djúpslökunin er gjaldfrjál og tímana leiðir Jarprúður Karlsdóttir jógakennari.

Vinir Grafarvogskirkju

Nú hafa verið stofnaðir á Facebook hóparnir sem Vinir Grafarvogskirkju skráðu sig í á vinavöldinu í nóvember. Hóparnir eru bíóhópur, bænahópur, matarhópur, gönguhópur, sönghópur og búbluhópur. Umræðuhópur hefst í apríl. Fyrstu viðburðir hvers hóps eru flestir búnir að vera á dagskrá. Aðrir munu verða það fljótlega. Hópana má finna á síðunni Vinir Grafarvogskirkju á Facebook. Öllum er boðið að skrá sig í hvaða hóp sem er.

Foreldramorgnar

Sameiginlegir foreldramorgnar og krílasálmur Grafarvogs- Guðríðar- og Árbæjarkirkju eru á þriðjudögum í Guðríðarkirkju kl. 10-12. Söngur, tónlistarupplifun, spjall og kaffi. Umsjón hafa: Ingunn Björk djákni í Árbæjarkirkju, María Rut prestur í Guðríðarkirkju ásamt öðru starfsfólki safnaðanna.

Barna- og unglíngakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju

Kórstjóri er Auður Guðjohnsen. Hljóðfærasmíðu kennir Sævar Helgi Jóhannsson.

Æfingar eru á þriðjudögum í Grafarvogskirkju:

- Yngri kór - Forskóli
- 16:30-17:00 Hljóðfærasmíða (flauta og ásláttarhljóðfæri)
- 17:00-17:40 Söngur/kór
- Eldri kór – Sönghópur
- 17:20-18:20 Söngur/kór

Skráning fer fram á www.tongraf.is Veljið flipann „Sækja um“. Til að sækja um yngri kór, veljið Forskóli en fyllið inn í viðbótarupplýsingar ef barnið á einungis að sækja kóræfingar án hljóðfærasmíðu. Til að sækja um eldri kór, veljið Sönghópur. Einnig er hægt að hafa samband við kirkjuna og fá frekari upplýsingar.

Körgjald:

Yngri kór haust og vorönn kr. 60.000,-
Eldri kór haust og vorönn kr. 60.000,-
Yngri kór og hljóðfærasmíða haust og vorönn kr. 120.000,-
Hægt er að nýta frístundastyrk og skipta í allt að sex greiðslur í Sportablar. Systkinaafsláttur er 10%. 25% afsláttur er af körgjaldi ef meðlimir sækja einnig hljóðfæranám við tónlistarskólann.

Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi

Kirkjukórinn æfir á miðvikudögum kl. 19:30 og nánari upplýsingar veitir Hákon Leifsson hakon@vortex.is
Vox Populi æfir á miðvikudögum kl. 19:30. Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir lara@grafarvogskirkja.is
Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!


Þrjónaklúbbur Grafarvogskirkju

Þrjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00. Hann er fyrir þau sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu. Öll áhugasöm eru hjartanlega velkomin!
Nánari upplýsingar í Facebookhópnum, Þrjónaklúbburinn í Grafarvogskirkju. Dagsetningar næstu vikna eru: 2. apríl – 16. apríl – 30. apríl.




Prestar og djákni safnaðarins:

Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur guðrun@grafarvogskirkja.is
Arna Ýr Sigurðardóttir prestur arna@grafarvogskirkja.is
Sigurður Grétar Helgason prestur sigurður@grafarvogskirkja.is
Kristín Kristjánsdóttir djákni kristin@grafarvogskirkja.is



Sími: 587 9070
Netfang: grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is
Heimasíða: www.grafarvogskirkja.is
Likesíða á facebook: Grafarvogskirkja Grafarvogi
Instagram: [grafarvogskirkja_grafarvogi](https://www.instagram.com/grafarvogskirkja_grafarvogi)
Velkomin í kirkjuna þína!



Þéttur Dagsins



SPÖNGIN - BÍLDSHÖFÐI